

Svar

félags- og barnamálaráðherra við fyrirspurn frá Söru Elísu Þórðardóttur um fjölda lífeyrisþega sem fá skertar greiðslur vegna fyrri búsetu erlendis.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu margir lífeyrisþegar fengu skertar greiðslur almannatrygginga vegna fyrri búsetu erlendis á árunum 2015–2020?*
2. *Hversu margir þeirra voru búsettir í ríkjum utan EES fyrir flutninginn til Íslands og hversu margir voru búsettir í ríkjum innan EES fyrir flutninginn til Íslands? Af þeim sem búsettir voru í ríkjum innan EES hversu margir voru búsettir á Norðurlöndum?*
3. *Hversu margir lífeyrisþegar skv. 1. tölul. fá engar lífeyrisgreiðslur frá almannatryggingum í fyrra búsetulandi?*
4. *Hversu stórt hlutfall lífeyrisþega skv. 1. tölul. fær ekki greiðslur frá fyrra búsetulandi, þrátt fyrir að milliríkjasamningur sé í gildi milli Íslands og fyrra búsetulands?*
5. *Hversu margir lífeyrisþegar skv. 1. tölul. félju í eftirtalda tekjuflokka á árunum 2015–2020 sem miðast við allar skattskyldar tekjur í nóvember ár hvert:
 - a. 0–79.999 kr.,
 - b. 80.000–99.999 kr.,
 - c. 100.000–129.999 kr.,
 - d. 130.000–149.999 kr.,
 - e. 150.000–169.999 kr.,
 - f. 170.000–189.999 kr.,
 - g. 190.000–209.999 kr.,
 - h. 210.000 kr. eða hærri?*
6. *Hversu margir lífeyrisþegar voru með heildartekjur undir framfærsluviðmiði án heimilisuppbótar skv. 2. mgr. 9. gr. laga um félagslega aðstoð, nr. 99/2007:
 - a. undir 193.962 kr. árið 2015,
 - b. undir 212.776 kr. árið 2016,
 - c. undir 227.883 kr. árið 2017,
 - d. undir 238.594 kr. árið 2018,
 - e. undir 247.183 kr. árið 2019,
 - f. undir 255.834 kr. árið 2020?*

Svör óskast sundurliðuð eftir árum, hópum lífeyrisþega (elli-, örorku- og endurhæfingarlífeyrisþegum) og búsetu (erlendis eða hérlendis).

1.

Svar ráðherra byggist á upplýsingum og tölum frá Tryggingastofnun ríkisins sem fer með framkvæmd málflokkssins. Tekið skal fram að greiðslur almannatrygginga skerðast ekki vegna fyrri búsetu erlendis heldur ávinna einstaklingar sér réttindi hér á landi með búsetu og öðlast full réttindi með 40 ára búsetu. Á árunum 2015–2020 var fjöldi þeirra sem fengu lífeyrisgreiðslur en höfðu ekki áunnið sér fullan rétt hér á landi á bilinu frá 2.663 á árinu

2015 til 3.981 á árinu 2020. Nánara uppbrot og skipting eftir árum og eftir búsetu hér á landi og erlendis má sjá í töflu 1.

Tafla 1.

Búseta Lífeyrishópur	Innanlands				Erlendis		
	Ellilífeyrir	Örorkulífeyrir	Endurhæfingarlífeyrir	Samtals	Ellilífeyrir	Örorkulífeyrir	Samtals
2015	660	701	65	1426	887	350	1237
2016	732	779	63	1574	1001	356	1357
2017	781	831	79	1691	1134	379	1513
2018	841	893	88	1822	1288	427	1715
2019	946	951	133	2030	1382	459	1841
2020	1057	983	189	2229	1340	412	1752

2.

Í töflum 2a og 2b er yfirlit yfir búsetu lífeyrishópa fyrir töku lífeyris. Í töflu 2a eru lífeyrisþegar sem voru búsettir hérlandis en í töflu 2b eru aðilar sem voru búsettir erlendis. Rétt er að benda á að lífeyrisþegar geta hafa verið búsettir í mörgum löndum og hafa t.d. flust nokkrum sinnum á milli Íslands og annarra EES-landa. Í svarinu er almennt lögð til grundvallar síðasta þekkta erlenda búseta áður en viðkomandi hóf töku lífeyris hér á landi.

Á árinu 2020 voru 1.057 ellilífeyrisþegar (EES-lönd, önnur samningslönd og önnur lönd) sem ekki voru með fulla ávinnslu réttinda búsettir á Íslandi. Af þeim fluttu 304 til Íslands frá Norðurlöndum en 266 komu frá öðrum EES-ríkjum. 153 komu frá öðrum löndum sem Ísland hefur gert samning við en 334 frá löndum sem Ísland hefur ekki gert samning við. Sjá töflu 2a.

Tafla 2a.

Ár	Ellilífeyrir				Örorkulífeyrir				Endurhæfingarlífeyrir			
	EES	Þar af Norður- lönd	Önnur samnings- lönd	Önnur lönd	EES	Þar af Norður- lönd	Önnur samnings- lönd	Önnur lönd	EES	Þar af Norður- lönd	Önnur samnings- lönd	Önnurlönd
2015	320	190	124	216	378	168	41	282	38	6	3	24
2016	364	214	135	233	424	170	44	311	41	3	2	20
2017	394	229	139	248	456	175	47	328	58	9	3	18
2018	435	258	141	265	504	184	46	343	61	8	3	24
2019	501	294	149	297	525	183	46	380	83	15	3	48
2020	570	304	153	334	545	193	52	385	122	14	4	65

Á árinu 2020 voru 1.340 ellilífeyrisþegar sem ekki voru með fulla ávinnslu réttinda búsettir erlendis. Af þeim fluttu 853 til Íslands frá Norðurlöndum en 224 komu frá öðrum EES-ríkjum áður en taka lífeyris hófst. 162 komu frá öðrum löndum sem Ísland hefur gert samning við en 101 frá löndum sem Ísland hefur ekki gert samning við. Sjá töflu 2b.

Tafla 2b.

Ár	Ellilífeyrir				Örorkulífeyrir			
	EES	Þar af Norður- lönd	Önnur samnings- lönd	Önnur lönd	EES	Þar af Norður- lönd	Önnur samnings- lönd	Önnur lönd
2015	664	564	150	73	329	267	2	19
2016	765	637	156	80	334	272	2	20
2017	878	706	169	87	353	285	2	24
2018	1.015	787	177	96	399	311	2	26
2019	1.117	840	169	97	430	337	4	25
2020	1.077	853	162	101	385	312	4	23

3.

Rétt er að taka fram að í svari við þessum tölulið fyrirspurnarinnar er lagt er út frá öllum greiðslum erlendis frá óháð því hvort þær komu frá síðasta þekkta búsetulandi eða öðru landi, þar sem uppsprettu helstu greiðslna kemur ekki í öllum tilfellum frá síðasta búsetulandi. Á árinu 2020 voru 466 ellilífeyrisþegar búsettir á Íslandi sem voru ekki með fulla ávinnslu réttinda sem fengu engar lífeyrisgreiðslur frá fyrra búsetulandi. Sjá töflu 3.

Tafla 3.

Ár	Innanlands			Erlendis	
	Ellilífeyrir	Örorkulífeyrir	Endurhæfingarlífeyrir	Ellilífeyrir	Örorkulífeyrir
2015	311	64	569	23	48
2016	332	63	648	23	42
2017	360	79	688	23	38
2018	366	86	743	34	37
2019	387	134	798	35	46
2020	466	188	827	50	50

4.

Árið 2020 voru búsettir á Íslandi 723 ellilífeyrisþegar sem ekki voru með fulla ávinnslu réttinda en höfðu fyrir töku lífeyris búið í landi þar sem milliríkjjasamningur er í gildi milli Íslands og fyrra búsetulands. Af þeim fá 28,2% erlendan grunnlífeyri frá fyrra búsetulandi, 42,6% frá aðrar greiðslur (m.a. iðgjaldatengdan lífeyri) en 29,2% fá engar greiðslur frá fyrra búsetulandi. Sjá töflu 4a.

Tafla 4a.

Ár	Ellilífeyrir				Örorkulífeyrir				Endurhæfingarlífeyrir			
	Samnings-lönd samtals	Erlendur grunn-lífeyrir	Aðrar gríðar greiðslur	Engar erlendar greiðslur	Samnings-lönd samtals	Erlendur grunn-lífeyrir	Aðrar gríðar greiðslur	Engar erlendar greiðslur	Samnings-lönd samtals	Erlendur grunn-lífeyrir	Aðrar gríðar greiðslur	Engar erlendar greiðslur
2015	444	32	36,9	31,1	419	14,6	11,9	73,5	41	-	2,4	97,6
2016	499	31,9	39,5	28,7	468	13,2	12,0	74,8	43	-	-	100
2017	533	31,9	39,0	29,1	503	11,5	13,5	75	61	-	1,6	98,4
2018	576	31,9	39,6	28,5	550	10,5	13,6	75,8	64	-	3,1	96,9
2019	650	32,3	41,1	26,6	571	8,8	13,8	77,4	86	-	1,2	98,8
2020	723	28,2	42,6	29,2	597	8	13,9	78,1	126	-	0,8	99,2

Árið 2020 voru búsettir erlendis 1.239 ellilífeyrisþegar sem ekki voru með fulla ávinnslu réttinda en höfðu fyrir töku lífeyris búið í landi þar sem milliríkjjasamningur er í gildi milli Íslands og fyrra búsetulands. Af þeim fá 51,3% erlendan grunnlífeyri frá fyrra búsetulandi, 45,8% fá aðrar greiðslur (m.a. iðgjaldatengdan lífeyri) en 2,9% fá engar greiðslur frá fyrra búsetulandi. Sjá töflu 4b.

Tafla 4b.

Erlendis	Ellilifeyrir				Örorkulifeyrir			
	Samnings-lönd samtals	Erlendur grunn-lífeyrir	Aðrar greiðslur	Engar erlendar greiðslur	Samnings-lönd samtals	Erlendur grunn-lífeyrir	Aðrar greiðslur	Engar erlendar greiðslur
Ár								
2015	814	51,5	47,5	1	331	47,7	44,4	7,9
2016	921	50,9	47,8	1,3	336	42,6	50,3	7,1
2017	1.047	49,6	49,0	1,4	355	42	51,5	6,5
2018	1.192	47,8	50,3	1,8	401	37,9	55,6	6,5
2019	1.286	48,1	49,8	2,2	434	37,1	56,2	6,7
2020	1.239	51,3	45,8	2,9	389	41,4	49,4	9,3

5.

Bætur frá Tryggingastofnun eru miðaðar við endanlegan uppgerðan bótarétt fyrir nóvember (nema 2020, sem er enn óuppgert), en ekki endilega greiðslur sem viðkomandi fékk í nóvember. Aðrar tekjur en bætur frá Tryggingastofnun dreifast yfirleitt yfir allt árið. Nóvembergreiðslur, og þá sérstaklega bætur, eru þó að jafnaði undir meðaltali vegna meðaltals ársins, m.a. vegna áhrifa desember- og orlofsuppbóta. Sjá töflur 5a, 5b, og 5c.

Tafla 5a.

Ellilifeirisþegar innanlands								
Ár	a	b	c	d	e	f	g	h
2015	29	28	31	29	48	80	65	350
2016	20	21	41	23	42	84	67	434
2017	17	22	41	34	44	60	54	509
2018	17	14	40	29	41	56	51	593
2019	18	19	38	30	47	35	67	692
2020	17	14	30	30	40	46	51	829

Tafla 5b.

Örorkulifeirisþegar innanlands								
Ár	a	b	c	d	e	f	g	h
2015	9	10	18	39	64	101	117	343
2016	9	9	19	22	55	67	116	482
2017	7	3	14	19	38	58	70	622
2018	8	5	17	21	31	43	72	696
2019	7	6	19	16	24	47	51	781
2020	9	8	10	12	23	40	41	839

Tafla 5c.

Endurhæfingarlífeyrisþegar innanlands								
Ár	a	b	c	d	e	f	g	h
2015	2	3	6	7	5	16	13	13
2016	1		2	2	8	4	16	30
2017	1	2	5	1	4	7	11	48
2018	1		2	2	5	7	10	61
2019	2		3	2	4	10	6	106
2020		1	4	2	9	5	12	157

Rétt er að hafa í huga að þeir sem eru búsettir erlendis geta haft tekjur sem Tryggingastofnun hefur ekki upplýsingar um. Framfærslukerfi geta verið mismunandi á milli landa og geta því þeir sem eru búsettir erlendis haft tekjur sér til framfærslu sem koma ekki fram á skattframtali viðkomandi. Sjá töflur 5d og 5e.

Tafla 5d.

Elliðlífeyrisþegar erlendis								
Ár	a	b	c	d	e	f	g	h
2015	96	35	61	53	60	81	60	441
2016	112	48	72	63	67	88	73	478
2017	100	49	83	56	66	77	79	624
2018	100	70	88	55	55	89	84	747
2019	85	79	88	53	75	71	69	862
2020	65	62	77	50	67	73	76	870

Tafla 5e.

Örorkulífeyrisþegar erlendis								
Ár	a	b	c	d	e	f	g	h
2015	46	32	31	35	22	19	20	145
2016	52	21	33	25	20	18	25	162
2017	51	28	31	21	27	23	15	183
2018	55	26	45	24	24	27	19	207
2019	49	28	43	23	24	26	24	242
2020	37	13	34	26	16	29	26	231

6.

Með heildartekjum er átt við allar framtaldar tekjur og bætur, einnig tekjur sem ekki eru skattskyldar en þó t.d. ekki barnabætur, húsnæðisbætur og sumar bætur sveitarfélaga. Miðað er við tekjur í nóvember ár hvert. Sami fyrirvari er gerður og í svari við 5. tölulið fyrirspurnarinnar. Sjá töflur 6a og 6b.

Tafla 6a.

Innanlands Ár	Ellilifeyrir		Örorkulifeyrir		Endurhæfingarlifeyrir	
	Fjöldi undir mörkum	Fjöldi yfir mörkum	Fjöldi undir mörkum	Fjöldi yfir mörkum	Fjöldi undir mörkum	Fjöldi yfir mörkum
2015	612	30.979	1.046	15.553	163	1.285
2016	655	31.456	1.007	16.015	138	1.358
2017	344	32.576	1.000	16.312	191	1.591
2018	315	33.720	1.066	16.555	223	1.779
2019	356	34.757	501	17.279	96	2.367
2020	345	35.860	396	17.361	116	2.967

Hafa ber í huga að þeir sem eru búsettur erlendis geta haft tekjur sem Tryggingastofnun er ekki kunnugt um. Framfærslukerfi geta verið mismunandi á milli landa og geta því þeir sem eru búsettur erlendis haft framfærslu sem kemur ekki fram á skattframtali viðkomandi.

Tafla 6b.

Erlendis Ár	Ellilifeyrir		Örorkulifeyrir	
	Fjöldi undir mörkum	Fjöldi yfir mörkum	Fjöldi undir mörkum	Fjöldi yfir mörkum
2015	212	845	192	543
2016	346	845	236	599
2017	385	979	290	630
2018	440	1.119	309	711
2019	445	1.273	307	783
2020	408	1.312	287	732